

skyldi fást. Forseta var falið, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni. **106**
 Að því búnu var fundarbókin upplestin og samþykkt, og var síðan fundi
 slitið.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 14. september 1892.

Kristján Jónsson,
 settur.

Skýrsla

108

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 16. til 18. júlí 1892.

Árið 1892, hinn 16. júlímán. átti amtsráð Vesturamtsins fund með sjer
 í Stykkishólmi.

Á fundinum mættu forseti amtsráðsins, settur amtmaður, yfirdómari
 Kristján Jónsson og amtsráðsmennirnir Ásgeir Bjarnason, Guðmundur Guð-
 mundsson, Davíð Sch. Thorsteinsson, Sigurður Jónsson, Skúli Thoroddsen, Torfi
 Bjarnason og Páll Ólafsson. Skrifari amtsráðsins var kosinn Páll Ólafsson.
 Eptirfylgjandi málefni voru tekin fyrir á fundinum:

1. Forseti lagði fram kjörbrjef amtsráðsmannanna; voru þau athuguð og tekin gild.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir árið 1891. Reikningurinn var afhentur Skúla Thoroddsen og Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
3. Forseti lagði fram reikninga búnaðarsjóðs og búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins 1891. Voru reikningarnir afhentir Sigurði Jónssyni og Guðmundi Guðmundssyni til endurskoðunar.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins 1891. Reikningurinn var afhentur Páli Ólafssyni til endurskoðunar.
5. Forseti lagði fram þessa sýslusjóðsreikninga:
 - a) fyrir Mýrasýslu 1890 og 1891. Þessir reikningar voru afhentir Skúla Thoroddsen og Torfa Bjarnasyni til endurskoðunar.
 - b) fyrir Austur-Barðastrandarsýslu 1890, og
 - c) — Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu 1891. Þessir reikningar voru afhentir Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Ólafssyni til endurskoðunar.
 - d) fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1891, og
 - e) — Ísafjardarsýslu 1891. Þessir reikningar voru afhentir Davíð Scheving og Guðm. Guðmundssyni til endurskoðunar.
 - f) fyrir Dalasýslu 1891, og
 - g) — Strandasýslu 1891. Þessa reikninga tók Sigurður Jónsson til endurskoðunar ásamt forseta amtsráðsins.
6. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna 1891—1892.
 - a) Strandasýslu 3.—5. marz 1892.
 - b) Ísafjardarsýslu 27. októbr. 1891 og 3.—7. marz 1892.

- c) Austur-Barðastrandarsýslu 10. júní 1891 og 30. maí 1892. Við þessar fundargjörðir var ekkert að athuga.
- d) Vestur-Barðastrandarsýslu 30. apríl 1892. Við þessar sýslunefndarfundargjörðir fannst það að athuga, að gjörðirnar bera með sjer, að sýsluvegagjaldið er eigi innheimt í peningum, heldur jafnað á alla hreppa sýslunnar eptir dagsverkatölu í hverjum þeirra, þannig að hver hreppur vinnur af sjer sitt gjald, og er það alveg ósamkvæmt vegalögnum, og var forseta falið á hendur að áminna sýslunefndina um, að gæta fyrir-mæla laganna í þessu efni.
- e) Dalasýslu 8. marz 1892. Við þessar sýslunefndargjörðir gjörir amtsráðið sömu athugasemd og við sýslunefndargjörðir Vestur-Barðastrandarsýslu. Enn fremur er það að athuga, að sjálfskuldarábyrgð sýslusjóðs fyrir peningaláni til einstaks manns, er með öllu óleyfleg, og felur amtsráðið forseta sínum að tilkynna það sýslunefndinni.
- f) Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 24. oktbr. 1891 og 21.—23. apríl 1892. Við þessar gjörðir var athugað, að sýsluvegagjaldið er eigi að öllu leyti innheimt í peningum. Amtsráðið fól forseta að áminna sýslunefndina um, að innheimta gjaldið allt í peningum.
- g) Mýrasýsla 17. og 18. marz og 11. júní 1892. Við þessar sýslunefndarfundargjörðir var ekkert að athuga.
7. Var lagt fram brjef 12. marz 1892, þar sem sýslunefndin í Strandasýslu óskar leyfis amtsráðsins til þess, að stofnað verði nýtt yfirsetukonuhjerað fyrir Óspakseyrar- og Fellshreppa. Amtsráðið veitti hið umbeðna leyfi.
8. Samkvæmt beiðni forstöðunefndar kvennaskólans í Reykjavík ákvað amtsráðið að veita skólanum 100 króna styrk af jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár.
9. Forseti framlagði beiðni um styrk til síra Odds Gíslasonar til bjargráðastarfa. Amtsráðið fann ekki ástæðu til að veita slíkan styrk.
10. Var lögð fram beiðni frá presti Jóhanni Þorsteinssyni í Stafholti um 50 króna þóknun handa konunni Rósu Jónsdóttur í Eskiholti fyrir kennslu á daufdumbri stúlku, Guðrúnu Kristjánsdóttur, umfram gjörða samninga við amtið, 18. júní 1891. Amtsráðið sá sjer ekki fært að veita hina umbednu þóknun fyrri en útsjæð er um, að hve miklu leyti kennsla sú, sem stúlkan hefur fengið, sparar kostnað við sendingu hennar og veru á daufdumbra stofnun. (Framh.).

ÓVEITT PRESTAKALL.

Arnarbæli í Árnesprófastsdæmi, metið 1708 kr. 19 a. Auglýst 8. nóvember. Prestsekkjur 2 eru í braudinu, og nýtur hin eldri $\frac{1}{8}$ af föstum tekjum þess, svo lengi sem hún lifir og heldur eptirlaunarjetti. Við fráfall hennar geta eptirlaun til prestsekkju orðið $\frac{1}{10}$ af matsupphæðinni. Á prestakallinu hvíla eptirstöðvar af láni til jarðabóta, teknu 1875, og verða þær í fardögum 1893 væntanlega 120 kr., er ávaxtast með 4% og endurborgast með 60 kr. á ári.

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 16. til 18. júlí 1892.

(Framh.).

11. Var lagt fram brjef sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 9. febr. 1892 og því meðfylgjandi tillögur til breytinga á fjallskilareglugjörð Ísafjarðarsýslu.

Breytingartillögurnar voru ræddar, og síðan bornar undir atkvæði:

- a) að 2. gr. orðist þannig: »Markaskrá fyrir sýsluna skal semja að minnsta kosti 5. hvert ár, og annast hreppsnefndir, hver í sínum hreppi, undirbúning hennar, eptir fyrirskipunum sýslunefndarinnar. Fyrir að láta innfæra mark sitt í markaskrána, greiðir hver markeigandi 10 aura í hvert skipti til hreppsnefndarinnar; rennur gjald þetta í sýslusjóð, og skal afhent oddvita sýslunefndarinnar um leið og markaskráin«. Samþykkt.
- b) við 5. gr. að orðin: »og hefur — til enda greinarinnar«, falli burt. Felld.
- c) Að 7. gr. falli burt. Samþykkt.
- d) Að 9. gr. (sem verður 8. gr.) orðist þannig: »Í nyrðri hluta sýslunnar, sbr. 7. gr., skal 1. leitardagur vera mánudagurinn í 21. viku sumars; en í hinum hlutanum sje hann mánudaginn í 22. viku sumars. Seinni leitir fara eptir fyrirmælum sveitarnefnda«. Samþykkt.
- e) Að 13. gr. falli burt. Felld.
- f) Að 20. gr., (sem verður 19. gr.), orðist þannig: »Hreppsnefndin annast geymslu óskilafjár, og sendir þegar lýsing þess í næstu hreppa«. Samþykkt.
- g) Við 21. gr. (sem verður 20. gr.). Í stað orðanna: »sýnist — geymir«, komi: »skal sá er geymir fá þóknun« o. s. frv. Samþykkt.

12. Forseti bar upp svolátandi tillögu:

»Amsráðið felur forseta að brýna fyrir lögreglustjórum að láta fram fara almenna rannsókn á fje nú í haust, einkum á markaðsfje, og að kveðja til hæfa menn í hverjum hreppi, þar sem fjárrjett er, eða markaður er haldinn, hrepstjórum til aðstoðar við slíkar rannsóknir.

Amsráðinu þykir enn fremur nauðsynlegt, að eptirlit sje haft með útflutningi á fje, og felur því forseta á hendur að leggja fyrir lögreglustjóra í verzlunarstöðum þeim í amtinu, þar sem fjenu er skipað út, að kveðja til hæfilega marga menn til þess, að skoða hverja sauðkind, sem ætluð er til útflutnings, og taka frá þær sauðkindur, sem varúðarvert er að flytja út, og ákveður að veita þessum mönnum sanngjarna þóknun fyrir úr jafnaðarsjóði.

Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

13. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, er leggur fyrir að leita álits sýslunefnda og amtsráðs um sameining hinna núverandi búnaðarskóla, samkvæmt ályktun alþingis 1891. Tillögur voru komnar frá öllum sýslunefndum.

21. dag nóvembermán. 1892.

108

Amtsráðið ályktaði að fresta því að láta uppi tillögur sínar til næsta fundar, er væntanlega verður haldinn fyrir alþingi 1893.

14. Amtsráðið ákvað í tilefni af fundargjörð sýslunefndarinnar í Mýrasýslu að veita tjeðri nefnd leyfi til þess að taka, ef á þarf að halda, 500 króna lán til brúargjörðar yfir Hvítá á Kláffossi.
15. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Mýrasýslu 7. júní 1891 um eptirlit með fjársölu í rjettum og á mörkuðum og fjárrekstrum. Þar með fylgdi álit nefndar, er sýslunefndin hafði sett og falið að senda álit sitt amtsráðinu, sem komið frá sýslunefndinni í heild sinni. Var það tilætlun nefndarinnar, að málinu yrði komið fyrir alþingi í því skyni, að lög yrðu samin samkvæmt bendingum þeim, er nefndarálitid hefur inni að halda.

Amtsráðið sá sjer eigi fært, að gjöra neitt við mál þetta, eins og það liggur fyrir.

16. Amtsráðsmaðurinn úr Ísafjardarsýslu bar upp, samkvæmt ályktun sýslunefndar tjeðrar sýslu á fundi 27. október 1891, beiðni sýslunefndarinnar um 2000 kr. lántökuleyfi til viðbótar við það 10,000 króna lán, er amtsráðið áður hefur veitt sýslunefndinni leyfi til að taka til gufubátskaupa. Jafnframt lagði forseti fram skjal frá 3 mönnum úr vesturhluta Ísafjardarsýslu, fyrir hönd fundar, er haldinn var á Þingeyri 26. febr. 1892, er lýsir óánægju sinni yfir hinum fyrirhuguðu gufubátskaupum, og biður amtsráðið synja leyfis til þessarar lántöku.

Amtsráðið ákvað að veita sýslunefndinni hið umbeðna leyfi til að taka 2000 króna lán til gufubátskaupa.

17. Var lagt fram brjef sýslunefndar Strandasýslu 18. apríl 1891, sem fer fram á, að amtsráðið hlutist til um, að kvennaskólastofnun verði komið á fót fyrir Vesturantið, taki lán til skólahússbyggingar, er endurborgist af jafnaðarsjóði, og jafnaðarsjóðurinn taki síðan að sjer, að viðhalda skólanum með væntanlegum tilstyrk landssjóðs.

Samskonar tillaga var komin úr Dalasýslu með brjefi 30. apríl 1891.

Amtsráðið ákvað að sinna eigi þessum málaleitunum.

Framhald fundar 18. júlí:

18. Hinir kosnu amtsráðsmenn lögðu fram reikninga þá, er þeim höfðu verið faldir til endurskoðunar.

Amtsráðið yfirleit síðan reikningana.

- a) Reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1891,
 b) — yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðsins 1891,
 c) — yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðsins 1891,
 d) — yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1891.

Við þessa reikninga fannst ekkert athugasvert, og voru þeir samþykktir af amtsráðinu.

19. Hinir kosnu amtsráðsmenn skiluðu aptur sýslusjóðsreikningum þeim, er þeim höfðu verið faldir til yfirskoðunar. Amtsráðið tók síðan reikningana til rannsóknar.

- a) Sýslusjóðsreikningur Strandasýslu 1891. Við hann gjörði amtsráðið svolátandi athugasemd: 108

Í reikningnum er talið sýsluvegagjald innistandandi (hjá hreppsnefndum?), að upphæð 289 kr. 28 a. Eptirstöðvar þessar ber sýslunefndinni að innheimta og telja með tekjum sýsluvegasjóðsins í reikningi yfirstandandi árs. Með þessari athugasemd var reikningurinn samþykktur.

- b) Sýslusjóðsreikningur Ísafjarðarsýslu 1891. Við þennan reikning var ekkert að athuga.
- c) Sýslusjóðsreikningur Vestur-Barðastrandarsýslu 1891. Við þennan reikning var ekkert að athuga.
- d) Sýslusjóðsreikningur Austur-Barðastrandarsýslu 1890 og 1891. Við þessa reikninga var ekkert að athuga.
- e) Sýslusjóðsreikningur Dalasýslu 1891. Við þennan reikning gjörði amtsráðið þessar athugasemdir:

1. Þar sem í reikningnum hundaskattur er talinn tekjugrein sýslusjóðs, þá er þetta eigi rjett í raun og veru, þótt niðurjöfnunargjaldið (sýslusjóðsgjaldið) sje greitt af hinum einstöku hreppum með hundaskattinum, sem er tekjugrein hreppanna.
2. Gjaldamegin (tölul. 4) er talið til útgjalda bráðabirgðarlán til yfirsetukonu að upphæð 20 krónur. Þessi gjaldaliður er heimildarlaus, og ber reikningshaldara að færa tjeðar 20 kr. til inngjalda í reikningi fyrir yfirstandandi ár.
3. Undir gjaldlið 10. færir reikningshaldari meðal annars til útgjalda (fylgiskj. nr. 30) »fyrir að semja aðal-sveitarsjóðsreikning Dalasýslu 5 kr.«. Með því eigi er lagaheimild fyrir greiðslu þessari úr sýslusjóði, ber reikningshaldara að endurgjalda þessar 5 krónur.
4. Undir gjaldlið 11 eru taldar 400 kr., sem lán til einstaks manns úr sýslusjóði. Út af þessu athugar amtsráðið, að það er heimildarlaust að leggja gjald á sýslubúa til sýslusjóðs, fram yfir þarfir sýslufjelagsins, og að eigi er rjett, að sýslunefnd safni sjóði, til að lána einstökum mönnum.
5. Til athugunar skal þess getið, að í reikningnum er talið að innheimt hafi verið upp í hallærislán með vöxtum 2559 kr. 57 a., og að þessi upphæð hafi verið greidd í landssjóð, en í raun og veru hefur landfógeta verið greitt í þessu skyni 2839 kr. 57 a., og má því ætla að þessi síðartalda upphæð hafi í raun og veru verið innheimt hjá sýslubúum.
6. Við sýsluvegasjóðsreikninginn athugast, að honum fylgir engin skýrsla um kostnaðinn við vegagjörðirnar, önnur en sú, að sýslumaður tjáir að unnið hafi verið fyrir 507 kr. 60 a., og nokkurskonar skoðunargjörð á vegabótunum. Reikningshaldara er því fyrirlagt, að senda tafarlaust til amtsins ýtarlega og sundurliðaða skýrslu, með viðeigandi

fylgiskjölum, sjer í lagi greiðslukvittunum yfir kostnað við vegabætur á sýsluvegum í umdæmi hans árið 1891.

- f) Sýslusjóðsreikningur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1891. Við þann reikning var ekkert að athuga.
- g) Sýslusjóðsreikningur Mýrasýslu 1890. Þar sem fært er til útgjalda 48 kr. 65 a., sem ófánlegt gjald fyrir verzlunarleyfi handa Þorbirni Jónassyni, þá ber reikningshaldara að innheimta það gjald tafarlaust. Með þessari athugasemd var reikningurinn samþykktur.
- h) Sýslusjóðsreikningur sömu sýslu 1891. Við þann reikning er gjörð sú athugasemd: að amtsráðið ályktar, að brýna fyrir reikningshaldara, að láta öll fylgiskjöl vegasjóðsreikningsins eptirleiðis fylgja honum, um leið og hann er sendur endurskoðara, og úrskurðaður ásamt sýslusjóðsreikningnum.
20. Var lagt fram brjef varaformanns æðaræktarfjelagsins við Breiðafjörð og Strandaflóa 11. júlí 1892, þar sem farið er fram á, að amtsráðið ráðist í að taka það 5000 kr. lán, sem heimilað er með lögum 15. jan. 1892 til eflingar æðarvarpsræktar, einkum til vargaeyðslu. Amtsráðið ályktaði að taka þessa beiðni eigi til greina, en í tilefni af sama brjefi tjáði amtsráðið sig fúst til þess að taka fyrir hönd sýslunefndarinnar í Strandasýslu, ef hún beiðist þess, og þegar hún gjörir það, 500 króna lán af nefndu fje.
21. Var lagt fram og rætt frumvarp til reglugjörðar fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar. Frumvarpið var samþykkt með atkvæðafjölda, og öðlast reglugjörðin gildi 15 dögum eptir að það númer Stjórnartíðanna er út komið, sem hún er prentuð í, og fellur því síðasta grein reglugjörðarfrumvarpsins burtu.
22. Var lögð fram og lesin upp skýrsla um búnaðarskólann í Ólafsdal, kennsluárið 1891—92.
23. Ákveðið var að verja fje til Ólafsdalsskólans á þessu ári eins og hjer segir:

1. Meðgjöf með 8 piltum í eldri deild 150 kr. með hverjum	1200 00
2. — með 5 piltum í yngri deild, 250 kr. með hverjum	1250 00
3. Laun forstöðumanns	800 00
4. — aðstöðarkennara	350 00
5. Til verkfærakaupa og viðhalds á áhöldum	100 00
6. — prófdómenda	40 00
7. Vextir af afborgun á bankaláni	120 00
	Samtals 3860 00

og skyldi til þess ganga:

1. Styrkur úr landssjóði	2500 00
2. Búnaðarskólalagjald (áætlað)	634 00
3. Vextir af búnaðarskólasjóði (áætlað)	348 00
4. — af búnaðarsjóði	378 00
	Samtals 3860 00

24. Eptir ósk amtsráðsmannsins úr Dalasýslu var tekið aptur til umræðu málið **108** nr. 13, og óskaði amtsráðsmaðurinn að ráðið nú þegar tæki endilega ályktun í því máli. Forseti bar uppástungu þessa undir atkvæði, en ráðið felldi hana með 5 atkvæðum gegn 3.
25. Var rædd og samþykkt eptirfylgjandi

ÁÆTLUN

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í Vesturamtinu 1893.

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar 31. des. 1892	800 00
2. Niðurjöfnunargjald	2350 00
	Samtals 3150 00

Gjöld:

1. Til bólusetninga og heilbrigðismála	700 00
2. — heyrnar- og málleysingja	300 00
3. — kostnaðar við amtsráðið	900 00
4. Ferðakostnaður	150 00
5. Ýmisleg gjöld	300 00
6. Eptirstöðvar	800 00
	Samtals 3150 00

Fleiri málefni voru ekki fyrirtekin, og var fundi slitið eptir að hann hafði staðið í 3 daga.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 17. septbr. 1892.

Kristján Jónsson
settur.

Reikningur

109

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins árið 1891.

Tekjur:

I. Eptirstöðvar við árslok 1890	952 49
II. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	1317 35
	Tekjur alls 2269 84

Gjöld:

I. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	343 58
II. — ferðakostnaðar	» »
III. — heyrnar- og málleysingja	266 58
IV. — sáttamála	» »
V. — kostnaðar við amtsráðið	208 »
VI. — Ýmisleg gjöld	283 75
VII. — Eptirstöðvar við árslok 1891	1167 93
	Gjöld alls 2269 84

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 30. marz 1892

Kristján Jónsson
settur.